



Rannsóknarnefnd samgönguslysa

Reykjavík, 24. apríl 2018  
Tilv.:1804946 / MDB

**Efni: Eftirfylgni skýrslu nr. 049 / 15**

Með bréfi Samgöngustofu til Rannsóknarnefndar samgönguslysa dags. 2.3.2018 gerði stofnunin grein fyrir því hvernig brugðist yrði við tillögum í öryggisátt í skýrslu nefndarinnar í máli nr. 049 / 15.

Samgöngustofa sinnir markaðseftirliti með skipsbúnaði sem fellur undir tilskipun ESB 2014/90 með síðari breytingum eins og hún er innleidd með reglugerð nr. 989/2016 um skipsbúnað. Þann 6.3.2018 framkvæmdi Samgöngustofa markaðseftirlit hjá söluaðila Regatta björgunarbúninga úr neopren efni. Kom í ljós að afar erfitt var að komast í yfirhanska sem áfestur er á ermi búnings. Í kjölfarið kallaði Samgöngustofa eftir gögn um viðurkenningu búningsins samkvæmt tilskipun um skipsbúnað. Samgöngustofu hefur borist upplýsingar um viðeigandi skírteini fyrir björgunarbúninginn auk þess sem prófanir hafa leitt í ljós að unnt er, með átaki, að komast í búninginn ásamt áfestum yfirhanska. Það er því mat Samgöngustofu að búningurinn sé í samræmi við samþykka hönnun og sé í samræmi við tilskipun um skipsbúnað 2014/90/ESB eins og hún er innleidd hér á landi með reglugerð nr. 989/2016 um skipsbúnað. Samgöngustofa mun því ekki aðhafast frekar gagnvart rekstraraðilum, þ.e. framleiðendum, viðurkenndum fulltrúum, innflytjendum og dreifingaraðilum.

Þrátt fyrir að niðurstaðan úr markaðseftirlitinu sé að björgunarbúningurinn uppfylli kröfur tilskipunarinnar verður ekki litið fram hjá því að erfitt er að komast í yfirhanskann. Brýnt er að sjómenn þekki björgunarbúnað um borð og kynni sér virkni hans, m.a. með æfingum. Samgöngustofa mun leggja áherslu á þetta atriði í fræðslu og að Slysavarnarskóli sjómanna taki atriðið sérstaklega fyrir.

Virðingarfyllst

Jón Bernóðsson  
fagstjóri rannsóknar, þróunar og greiningar

Magnús D Baldursson  
lögfræðingur